

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um Hafrannsóknastofnunina.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hverjar voru tekjur og gjöld Hafrannsóknastofnunarinnar á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og helstu tekju- og gjaldaliðum á verðlagi ársins 2000?
2. Hver var fjöldi stöðugilda og starfsmanna hjá Hafrannsóknastofnuninni á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og helstu starfsheitum, svo sem stjórnendum, sérfræðingum, starfsmönnum á hafrannsóknaskipum og rannsóknarmönnum?
3. Hvernig verður rannsóknaskipið Árni Friðriksson RE-200 notað á árinu 2001?
4. Hvers vegna hefur ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar, sem skipuð er af sjávarútvegsráðherra og starfar skv. 15. gr. laga nr. 64/1965, ekki verið kölluð saman undanfarin ár? Hefur verið skipað í nefndina á undanförunum árum?

Skriflegt svar óskast.